

Ár 2018, fimmtudaginn 11. október, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 2/2018:

Knattspyrnufélagið Þróttur, handknattleiksdeild

gegn

Knattspyrnufélaginu Víkingi

Málið dæma Bjarki Þór Sveinsson, Grímur Sigurðsson og Smári Hilmarsson.

Mál þetta var upphaflega höfðað með kæru dagsettri 21. september 2018 og móttekin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Þann 25. september 2018 var kærinni vísað frá dómi þar sem hún uppfyllti ekki skilyrði 6. tölul. 36. gr. laga HSÍ. Kærandi beindi kæru til dómstólsins á nýjan leik innan 24 stunda, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga HSÍ og var kæran í kjölfarið tekin til efnismeðferðar.

Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins þann 27. september 2018 og fékk hún skjalnúmerið 3. Sama dag skilaði stjórn HSÍ athugasemdum um málið og fengu þær skjalnúmerið 4. Þinghald var í málinu þann 2. október 2018 og þá lagt fram skjal nr. 5, Skýrsla um frammistöðu dómara. Jafnframt var ákveðið að málið skyldi flutt skriflega. Þann 4. október 2018 skiluðu aðilar skriflegum athugasemdum á grundvelli 7. mgr. 37. gr. laga HSÍ og fengu þær skjalnúmerin 6 (skýrsla kæranda) og 7 (skýrsla kærða).

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1.-7

Dómkröfur

Kærandi gerir þær kröfur **aðallega** að kæranda verði dæmdur sigur í leik Víkings og Þróttar sem spilaður var í Grill66 deild karla 20. september 2018 en **til vara** að síðustu 10 sekúndur leiksins verði leiknar aftur.

Kærði gerir þær dómkröfur að öllum kröfum kæranda verði hafnað en **til vara** að allur leikurinn verði leikinn að nýju.

Málsatvik

Þann 20. september 2018 fór fram leikur Víkings og Þróttar í Grill66 deild karla í handknattleik. Þegar rúmar 10 sekúndur voru eftir af leikklokku skoraði Víkingur mark og breytti stöðu leiksins í 21 mark Þróttar gegn 20 mörkum Víkings.

Markmaður Þróttar hugðist sækja knöttinn úr markinu og gefa hann á útileikmann svo taka mætti frumkast á miðju. Mátu dómara leiksins það svo að háttsemi markmannsins fæli í sér leikleysu og stöðvuðu leiktímann þegar 10 sekúndur lifðu af leiknum. Í kjölfarið vísuðu dómaraþeir markmanninum af leikvelli í tvær mínútur, gáfu honum rautt og blátt spjald og dæmdu vítakast á Þrótt.

Víkingur skoraði úr vítakastinu. Þróttur tók frumkast á miðju og lauk leiknum með jafntefli, 21 mark gegn 21.

Málsástæður aðila

Kærandi Þróttur heldur því fram að sú refsing að dæma vítakast fyrir leikbrot það, sem lýst er í málsatvikakafla, sé röng ákvörðun og andstæð leikreglum Alþjóða handknattleikssambandsins (IHF), sem gilda um handknattleik hér á landi.

Í grein 14:1 a-d leikreglna IHF séu tæmandi talin þau tilvik þar sem dæma megi vítakast. Ætla megi að dómara leiksins hafi byggt ákvörðun sína á reglu 14:1d, sem heimilar að vítakast sé dæmt vegna brota sem lýst er í greinum 8:10c eða 8:10d.

Í reglu 8:10c sé fjallað um brot sem eiga sér stað á síðustu 30 sekúndum leiktímans og feli það í sér að leikmaður hindrar framkvæmd kasts mótherja. Viðurlög við slíkum brotum séu útilokun og vítakast.

Í reglu 8:10d sé fjallað um það þegar sóknarlið er á síðustu 30 sekúndum leiksins hindrað með leikbrotum samkvæmt reglum 8:5, 8:6, 8:10a eða 8:10b við að taka skot á mark eða ná upplögðu markfæri. Skuli þá refsað með útilokun og vítakasti.

Ákvörðun dómara leiksins eigi sér enga stoð í framangreindum reglum þar sem þær geymi einungis umfjöllun um brot varnarliðs gagnvart sóknarliði. Þróttur varð sóknarlið eftir að Víkingur skoraði sitt 20. mark. Töf leikmanns sóknarliðs á að taka frumkast falli ekki undir grein 14, sbr. greinar 8:10c og 8:10d. Þar af leiðandi hafi dómurum leiksins ekki verið heimilt að refsa fyrir leikleysuna með útilokun og vítakasti.

Að mati kæranda felst ekki í kröfugerð hans krafa um endurskoðun á mati dómara á staðreyndum og aðstæðum. Hins vegar hafi ákvörðun dómara um vítakast og útilokun verið andstæð leikreglum IHF og komi sú framkvæmd leiksins til skoðunar hjá dómstólnum á grundvelli greinar 17:11 leikreglna IHF, sbr. og 14. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn. Þessi túlkun kæranda fái stoð í skýrslu eftirlitsmanns á umræddum leik, þar sem fram komi að á síðustu 10 sekúndum leiksins hafi dómara gert mistök sem fólust í því að útiloka viðkomandi leikmann og dæma vítakast.

Kærandi telur að ákvörðun dómara umrætt sinn feli í sér stórkostlega brotalöm á framkvæmd leiksins. Sérstaklega feli tímasetning ákvörðunar dómara í sér að hún hafði afgerandi áhrif á úrslit leiksins. Það beri því að endurskoða ákvarðanir dómara að þessu leyti.

Í greinargerð kærða Víkings kemur fram að óumdeilt sé í málinu að ákvörðun dómara leiksins, um útilokun og vítakast, hafi verið röng. Hins vegar sé deilt um hverjir eftirmálar þeirrar röngu ákvörðunar séu.

Kærði telur að mistök dómara umrætt sinn hafi verið þau að heimfæra háttsemi markvarðar Þróttar undir rangt ákvæði í leikreglum IHF. Það geti hins vegar ekki leitt til þess að úrslitum leiksins verði breytt eða hann leikinn að hluta til að nýju. Enga slíka heimild sé að finna í lögum eða reglugerðum HSÍ. Að mati kærða séu mistök dómara hluti af leiknum og komi ekki til endurskoðunar að leik loknum. Gagnstæð niðurstaða fæli í sér brot á grein 17:11 í leikreglum IHF og 14. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn.

Niðurstaða

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Ágreiningur deiluaðila lýtur fyrst og fremst að túlkun á reglum 17:11 í leikreglum IHF og 14. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og aðstoðarmenn. Í grein 17:11 leikreglna IHF segir að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum eða mati þeirra séu endanlegar. Aðeins megi áfrýja þeim ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglurnar. Í 14. gr. reglugerðar um dómara og aðstoðarmenn segir að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni hverju sinni.

Af ákvæðunum má ráða að mat dómara á því sem gerist á leikvellingum verður ekki endurskoðað. Hins vegar megi „áfrýja“ ákvörðunum sem ekki eru „í samræmi við leikreglurnar“. Í orðalaginu felst að skjóta má ákvörðunum, sem eru andstæðar leikreglum en fela ekki í sér mat á staðreyndum, til úrlausnar dómstóla HSÍ. Það er því meginúrlausnarefni þessa máls hvort þær ákvarðanir dómara sem deilt er um hafi falið í sér brot á leikreglum eða mat á staðreyndum.

Eftir að dómara hafa slegið málsatvikum og staðreyndum föstum felur heimfærsla málsatvikanna undir leikreglu ekki í sér mat dómara, heldur ákvörðun dómara um beitingu leikreglna, þ.e. viðurlaga. Ef málsatvik eru heimfærð undir ranga leikreglu felur það í sér ákvörðun sem ekki er í samræmi við leikreglur handknattleiks, en ekki mat á staðreyndum. Af skýru orðalagi greinar 17:11 í leikreglum HSÍ og með gagnályktun frá reglu 14. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og aðstoðarmenn verður því ráðið að röng heimfærsla staðreynda til leikreglna getur komið til endurskoðunar hjá dómstólum HSÍ.

Í máli þessu er ekki til endurskoðunar það mat dómara leiks Víkings og Þróttar að eftir að Víkingur skoraði sitt 20. mark gerðist markvörður Þróttar sekur um leikleysu sem réttlætti refsingu og að háttsemin hafi verið það óíþróttamannsleg að varðaði tveggja mínútna brottvísun. Óumdeilt er, að í framhaldi þess að dómara leiksins stöðvuðu leikklokku og viku markmanni Þróttar af velli í tvær mínútur, var leikbrot markvarðarins í kjölfarið heimfært undir ranga leikreglu. Óheimilt var að beita reglum 8:10c eða 8:10d og dæma vítakast og útilokun. Taka bar frumkast á miðju eftir reglu 10:2, og gefa viðvörðunarkerki um leikleysu samkvæmt skýringu 4, tölulið B1, punkti 2 við reglur 7:11 og 7:12 í leikreglum IHF.

Orsakasamband er milli hinnar röngu ákvörðunar dómara leiksins um beitingu leikreglna, þegar 10 sekúndur lifðu af leiknum, og úrslita hans. Eðlismunur er á því hvort lið er einu marki yfir eða markatala jöfn þegar það hefur leik með frumkasti á miðju og 10 sekúndur eru eftir af leiknum. Ákvörðun dómara um viðurlög og framgang leiksins var ekki í samræmi við leikreglur og olli því að markatala Víkings og Þróttar var jöfn þegar Þróttur tók frumkast og 10 sekúndur voru eftir af leiknum, en með réttu hefði Þróttur þá átt að vera einu marki yfir. Er það mat dómsins að beita verði heimildum laga HSÍ til að leiðrétta þau mistök. Þar af leiðandi kemur hin ranga ákvörðun dómaranna til endurskoðunar fyrir dóminum.

Í endurskoðun dómsins felst að dómurinn metur í fyrsta lagi hvort ákvörðun dómara hafi verið í andstöðu við leikreglur, í öðru lagi hvort ákvörðunin hafi haft áhrif á niðurstöðu leiksins og í þriðja lagi hvort áhrifin hafi verið það veruleg að réttlæti endurskoðun á framkvæmd eða úrslit leiksins.

Nú þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun dómara leiksins um viðurlög og framgang leiksins fól ekki í sér mat á staðreyndum heldur ranga beitingu leikreglna. Ákvörðunin var því í andstöðu við leikreglur. Því hefur jafnframt verið slegið föstu að ákvörðunin hafði áhrif á niðurstöðu leiksins.

Þetta tvennt dugar þó ekki til að dómurinn endurskoði framkvæmd eða úrslit leikja. Meira þarf að koma til. Í 7. tl. kafla 2.1. í hluta II í reglum Alþjóða handknattleikssambandsins um lagaleg úrræði segir að mat dómara á staðreyndum skuli ekki endurskoðað, og að brot á leikreglum og óréttmætar ákvarðanir dómara skulu einungis leiða til þess að leikur verði endurtekinn ef afleiðingar brotsins hafa úrslitaáhrif á leikinn.

Ákvörðun dómara um vítakast til handa Víkingi í stað frumkasts Þróttar, þegar markatalan stóð í 21 marki Þróttar gegn 20 mörkum Víkings og 10 sekúndur lifðu af leikklokku, hefur úrslitaáhrif á leikinn. Afleiðingar mistakanna eru það verulegar að þær réttlæta endurskoðun dómsins á framkvæmd og úrslit leiksins.

Samkvæmt 1. tl. 45. gr. laga HSÍ getur dómstóll HSÍ, auk efnisniðurstöðu, m.a. kveðið á um að leikir teljist ógildir, þeir skulu endurteknir eða dæmt um úrslit þeirra. Þar sem dóminum er heimilt að kveða á um að leikir skulu endurteknir í heild er dóminum jafnframt heimilt að kveða á um það sem minna er, að hluti leikja skuli endurtekinn.

Engin leið er fyrir dóminn að meta hver rétt úrslit leiksins skuli vera að loknum venjulegum leiktíma og telur dómurinn því ekki mögulegt að viðurkenna aðalkröfu kæranda um að dæma kæranda sigur í leiknum. Þá er það hvorki sanngjarnt né í samræmi við kröfugerð kæranda að allur leikurinn skuli leikinn aftur. Jafnvel þó kærði geri slíka kröfu til vara verður ekki fallist á að sú leið þjóni þeim tilgangi að leiðrétta framangreind mistök dómara leiksins. Eina leiðin sem fær er til að leiða fram úrslit í leik Víkings og Þróttar, án þess að mistök dómara við framkvæmd leiksins hafi þar áhrif, er að leika síðustu 10 sekúndur leiksins aftur. Skal það gert þannig að leikmenn Þróttar taka frumkast á miðju, með einn leikmann utan vallar vegna brottvísunar í tvær

mínútur og dómara leiksins gefa viðvörunarmerki um leikleysu, í stöðunni 21 mark Þróttar gegn 20 mörkum Víkings.

Dómsorð

Síðustu 10 sekúndur í leik kæranda, Knattspyrnufélagsins Þróttar, handknattleiksdeild, og kærða, Knattspyrnufélagsins Víkings, sem fram fór í Grill66 deild karla í handknattleik þann 20. september 2018 skulu leiknar aftur, þannig að leikmenn Þróttar taka frumkast á miðju, með einn leikmann utan vallar vegna brottvísunar í tvær mínútur og dómara leiksins gefa viðvörunarmerki um leikleysu, í stöðunni 21 mark Þróttar gegn 20 mörkum Víkings.

Bjarki Þór Sveinsson

Grímur Sigurðsson

Smári Hilmarsson